

Þriðjudaginn 2. maí 2000.

Nr. 152/2000.

Önundur Kristjánsson

(Sigurður Eiríksson hdl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Ö höfðaði mál gegn Íslenska ríkinu og krafðist ógildingar á skilyrði í leyfi, sem hann fékk til að stunda rækjuveiðar. Héraðsdómari taldi málatilbúnað Ö ekki uppfylla skilyrði e-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og vísaði málinu frá dómi. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. apríl 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2000, þar sem máli sóknaraðila gegn varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað. Til vara er þess krafist að málskostnaður og kærumálskostnaður verði látinn niður falla.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Önundur Kristjánsson, greiði varnaraðila, Íslenska ríkinu, 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2000.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi um frávísunarkröfu stefnda 24. mars sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um birtingu 24. nóvember sl.

Stefnandi er Önundur Kristjánsson, kt. 110233-7019, Aðalbraut 41a, Raufarhöfn.

Stefndi er íslenska ríkið og er fjármála- og sjávarútvegsráðherrum stefnt fyrir þess hönd.

Stefnandi krefst þess að ógiltur verði með dómi 4. tl. í leyfi hans, frá 19. október sl., til að stunda rækjuveiðar í Öxarfirði á bátnum Þorsteini GK 15. Þá krefst hann málskostnaðar.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar og málskostnaðar.

Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess að frávísunarkröfunni verði hrundið og málið tekið til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar.

II.

Málavextir eru þeir að 19. október sl. fékk stefnandi útgefið leyfi til að stunda rækjuveiðar í Öxarfirði en slíkt leyfi hefur hann haft undanfarin ár. Í 4. tl. leyfisins segir: „Leyfið miðast við að rækjuafla bátsins sé landað til vinnslu á Kópaskeri.“ Stefnandi kveður þetta fyrirkomulag hafa leitt til þess að hann hafi aðeins möguleika á að selja rækjuafla sinn á Kópaskeri og hafi vinnslustöðin þar því einokunaraðstöðu til að ákveða verðið og því vilji hann ekki una. Með málsókninni freisti hann því þess að fá þennan lið leyfisins dæmdan ógildan.

Eftir þessa lýsingu í stefnu segir að stefnandi hafi kvartað til umboðsmanns Alþingis í mars 1998 vegna þessa skilyrðis. Síðan er rakið innan tilvitnana-merkja úr svari umboðsmanns hugleiðingar hans um lagagildi skilyrðisins og síðan segir stefnandi: „Stefnandi telur því að fullnægjandi lagastoð skorti fyrir þessu fyrirkomulagi.“

Þessu næst er tekið upp orðrétt úr álit Samkeppnisstofnunar á kvörtun rækju-bátæigenda við Húnaflóa vegna meintra samkeppnishindrana og síðan segir: „Stefnandi tekur undir þetta álit Samkeppnisstofnunar og byggir m.a. á því í málarekstri sínum.“

Þá kveðst stefnandi vísa til IV. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993. Hann telur skilyrðið í rækjuveiðileyfinu geta strítt gegn lögunum um Evrópska efnahags-svæðið nr. 2/1993 og þar með tilteknum ákvæðum í samningnum um Evrópska efnahags-svæðið. Loks segir: „Þá telur stefnandi að fyrirkomulag þetta sé í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og þau sjónarmið um jafnræði, sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi samkvæmt

I. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar en enginn annar maður hérlendis þarf að sæta samskonar takmörkunum á atvinnufrelsi sínu.“

III.

Frávísunarkrafa stefnda er á því byggð að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður, óljós og þversagnakenndur og gildi þá einu hvort litið sé til reifunar í stefnu eða framlagðra gagna. Heldur stefndi því fram að málatilbúnaðurinn sé þannig í andstöðu við e- og f-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og eigi þess vegna að vísa málinu frá dómi.

Þannig staðhæfi stefnandi að skilyrðið í leyfinu leiði til þess að vinnslustöðin á Kópaskeri hafi einokunaraðstöðu til að ákveða rækjuverð án þess að leitast á nokkurn hátt við að rökstyðja það eða sýna fram á að verðlagningin hafi verið óeðlileg.

Sem rök fyrir því að lagastoð skorti fyrir skilyrðinu vitni stefnandi í álit umboðsmanns Alþingis en þar komi skýrt fram það álit umboðsmannsins að viðhlítandi lagagrundvöllur sé fyrir því að binda veiðileyfi því skilyrði að afli sé unninn hjá fiskvinnslustöðvum á ákveðnum stað.

Þá heldur stefndi því fram að stefnandi geri enga tilraun til þess að sýna fram á hvernig tilvitnaðar reglur samkeppnislaga og ákvæða sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið geti átt við í málinu eða hvernig þær eigi að leiða til ógildingar skilyrðisins. Þá sé ekki á nokkurn hátt rökstudd sú staðhæfing stefnanda, að honum einum sé gert að sæta sérstökum takmörkunum í andstöðu við jafnræðisreglur 65. gr. og 75. gr. stjórnarskrárinnar.

IV.

Í e-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir að í stefnu skuli greina svo glöggst sem verða megi málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þurfi að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing eigi að vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hvert sakarefnið sé.

Hér að framan var málatilbúnaði stefnanda lýst. Eins og þar kemur fram hefur hann ekki uppi neinar sjálfstæðar málsástæður, sem hann byggir kröfur sínar á, heldur tekur upp orðréttar tilvitnanir og gerir þær að sínum án þess að sýna fram á hvernig þær eigi að leiða til þess að orðið yrði við kröfu hans. Þá hefur hann uppi tilvitnanir í lög og stjórnarskrá án þess að reyna að sýna fram á hvernig skilyrðið í rækjuveiðileyfinu sé í andstöðu við þessi fyrirmæli.

Það er niðurstaða dómsins að þessi málatilbúnaður stefnanda sé ekki í neinu samræmi við fyrirmælin í nefndri grein einkamálalaganna og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi en málskostnaður þykir mega falla niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

1814

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Málinu er vísað frá dómi en málskostnaður fellur niður.
